

GJALDSKRÁ

fyrir Hafnarsjóð Breiðdalshrepps.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Breiðdalsvíkurhöfn er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Gjaldskráin er við það miðuð að Breiðdalsvíkurhöfn geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafnar sbr. 3. gr. 5. tölulið hafnalaga.

Um gjalddöku tengdri stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa (brt.) samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til Breiðdalsvíkurhafnar ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, 9,02 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi:

Skip við bryggju 2,19 kr. á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 59 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 6.452 á mánuði. Bátar minni en 20 brt. greiði þó aldrei lægra en kr. 4.000 á mánuði.

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði 50 evrur fyrir hverja byrjaða viku.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum vegna álagningar vörugjalda til hafnarinnar.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar

eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn þegar skip hans er fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá:

1. fl.: Gjald kr. 182 fyrir hvert tonn:
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 296 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 352 fyrir hvert tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 772 fyrir hvert tonn:
Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í 1.-3. fl.
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjöld greiðast ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðist eigendur með sama skipi.
5. fl.: Gjald 1,40% af heildaraflaverðmæti:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla um leið mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Kaupandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er kr. 3.662 fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 133.

Leiga á gámasvæði, geymsla veiðarfæra.

11. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla á malarsvæði kr. 20 pr. m² á mán.

Geymsla á steypu svæði kr. 55 pr. m² á mán.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna síðan kr. 2.358 pr. m³ fyrir hvern sólarhring.

Geymslugjald fyrir 20 feta gám kr. 1.600 pr. mán.

Geymslugjald fyrir 40 feta gám kr. 2.200 pr. mán.

Geymslugjald fyrir 20 feta frystigám kr. 1.600 pr. mán. + rafmagn.

Geymslugjald fyrir 40 feta frystigám kr. 2.200 pr. mán. + rafmagn.

Sorphirða.

12. gr.

Mánaðargjald smábáta kr. 220.

Gjald fyrir sorphirðu er kr. 3.662 fyrir hverja afgreiðslu.

Hafnsögugjöld.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

a) Fyrir leiðsögn til hafna, að bólvirki eða lægi kr. 2.594 fyrir hvert skip, auk kr. 4,20 fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögn eða lægi og úr höfn greiðist sama gjald.

b) Fyrir leiðsögn um höfn skal greiða hálf gjald skv. a-lið.

Ef skipstjóri skips hefur hafsöguréttindi og hafsögumaður fer ekki um borð skv. ákvörðun hafnarstjórnar, er veittur 25% afsláttur af hafnsögugjaldi.

Festargjöld.

14. gr.

Festargjald fyrir hverja afgreiðslu er kr. 6.103. Sé fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 6.103.

Vatnssala.

15. gr.

Vatnsgjöld:

Vatn afgreitt frá bryggju:

Kalt vatn 141 kr./m³.

Lágmarksgjald miðast við 10 tonn.

Vatn til heimabáta 4.584 kr. pr. mán.

Afgreiðsla utan dagvinnutíma, pr. klst. kr. 3.905 til viðbótar gjaldskrá.

Vigtargjald.

16. gr.

Almenn vigtun kr. 92 á tonn.
Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 534.
Gjald vegna dagvinnu við vigtun kr. 2.475.
Gjald vegna yfirvinnu við vigtun kr. 3.905.
Skráningargjald afla kr. 69 pr. tonn.

Rafmagnssala.

17. gr.

Almennt raforkugjald kr. 9,97 á kwst.
Mælaleiga, árgjald kr. 3.000
Tengigjald:
Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald kr. 3.905.

Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.

18. gr.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu kr. 21.226.
Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu kr. 2.475.
Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í yfirvinnu kr. 3.905.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

19. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

20. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Breiðdalsvíkurhafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarstjóri haldsrétt yfir skirteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema um annað sé sérstaklega samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í

gjaldþaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Breiðdalsvíkurhöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

23. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Breiðdalsvíkurhrepps er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Breiðdalsvíkurhöfn er samþykkt af sveitarstjórn Breiðdalshrepps þann 25. mars 2008, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Breiðdalsvíkurhöfn frá 24. janúar 2006.

Breiðdalsvík, 26. mars 2008.

Páll Baldursson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. maí 2008